

40. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Arnarsíðu 15, 603 Akureyri mánudaginn 3.nóv 2014 kl. 20:00

Mætt: Ágústa Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Finnur Jóhannsson, Kristján Kristjánsson, María H. Tryggvadóttir.

Forföll: Hulda Sif og Arne V Olsen

Dagskrá:

1. Afmælissjóðurinn og staða verkefna

Hægt hefur unnist að koma þeim verkefnum af stað sem nefndin ákvað að úthluta peningum í, en mikilvægt er að þau klárast fyrir áramótin.

Búið er að funda með öllum aðilum og eru verkefnin nú komin á fullt og stefnt á að þau klárast í tíma.

- Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar hefur vinnu í þessari viku við að gera stíga á svæðinu vestan við skólann í samstarfi við umhverfisnefnd skólans og einnig að gerð skjólveggja við útigriilið/útikennslustofuna. Útigriilið var klárað í sumar og vígt í lautarferð hverfisins sem haldin var í lok ágúst.
- Skógrækt Eyjafjarðar er að vinna að gerð þrautabrautar sem stefnt er að setja upp á svæðinu fyrir vestan skólann (brautin verður vonandi sett upp með vorinu)

2. Beiðni til Skipulagsnefndar Akureyrar um breytingu á skipulagi svæðisins vestan Síðuskóla.

Lögð voru fram drög að breytingu á skipulagi á svæðinu vestan skólans 1.24.11 íb/s sem skipulagt er sem „Íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir“ en nefndin óskar eftir að svæðið verði skilgreint sem „**opið svæði til sérstakra nota**“. Að þarna verði útivistarsvæði í miðju hverfinu. En til stendur að leggja náttúrulega göngustíga um svæðið og meðfram þeim ýmiskonar þrautir og bekkir úr náttúruerfnum (við og trjábolum) í samstarfi við Skógrækt Eyfirðinga, Síðuskóla og Framkvæmdardeild bæjarins. Beiðnin var undirrituð á fundinum.

3. Aðalfundur hverfisnefndarinnar

Halda þarf aðalfund hverfisnefndarinnar og var ákveðið að hann yrði haldinn miðvikudaginn 12.nóvember kl. 20.00 í Síðuskóla. Þrír nefndarmenn gefa ekki kost á sér áfram og þarf því að kjósa í nýja nefnd.

4. Önnur mál: Óskir frá íbúum og hverfisnefndinni sem snúa að úrbættum í hverfinu og til að auka lífsgæði íbúa, ýmsar hugmyndir sem borist hafa:

- a) að setja ljós við gangbraut vegna myrkurs á vetrum við enda húss nr. 7 við Arnarsíðu
- b) að setja merkingar þar sem blómabeðin eru við stiginn sem liggur upp frá Hlíðarbraut að kirkjunni svo ekki sé rutt, hjólað né traðkað á beðunum.
- c) að bæta við einni gangbraut í Bugðusíðuna ofan við Ekrusíðuna, rosalega mörg börn sem fara yfir götuna á þessum stað og hætta sem getur skapast þarna þegar þau stínga sér á milli bíla.
- d) brilljant að setja upp hreystibraut við skólann
- e) að gróðursetja tré fyrir neðan kirkjuna, alveg niður að Hlíðarbraut
- f) á Bjargstúninu má líka setja upp frísbíggvöll sem nota má á sumrin og ganga svo a skíðum á veturna

Fundi slitið 22:10